

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Svínavatn 3, L232042, Svínavatn 3A, breyttar lóðastærðir og ný lóð, Svínavatn 3B.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðarinnar Svínavatn 3, L232042. Í breytingunni felst að lóðinni verði skipt í tvennt og nýja lóðin fái heitið Svínavatn 3B. Þannig verða alls þrjár lóðir innan deiliskipulagsmarka, þ.e. Svínavatn 3, Svínavatn 3A og Svínavatn 3B.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. nóvember 2024.

*Deiliskipulagsbreyting, Borgargil 4, L236036, Borgargil 4 og 6, sameining lóða.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Borgargils 4 og 6. Í breytingunni felst sameining lóðanna.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. nóvember 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 25. nóvember 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 9. desember 2024